

## Annáll Sögufélagsins Steina á Kjalarnesi árið 2021

Framan af árinu 2021 var unnið að undirbúningi að vígslu útialtaris, auk hugleiðinga og umræðna um gerð fræðsluskilta. Nokkru fyrir vígsluna settum við upp skilti við afleggjarann við Vesturlandsveg, sem vísar á sögufrægan stað og merkt „Útialtari“. Kross, merktur útialtarinu, sem stóð við fyrrnefndan afleggjara, var færður innar á vegarslóðann að altarinu.

Við höfum lengi haft nokkrar áhyggjur af þeim vegarslóða. Hann hefur verið til vandræða og mikilvægt er að laga hann til að tryggja öryggi bílaumferðar að útialtarinu. Í því sambandi skal nefna að Jón Sverrisson í Varmadal lét okkur fá nokkur bílhlöss til að bæta slóðann fyrir vígslu útialtarisins. Hann sló verulega af verðinu sem kom Sögufélaginu vel. Við erum honum þakklát fyrir það góða verk sem og öðrum velvildarmönnum litla félagsins okkar.

Keltneska útialtarið var vígt þann 20. júní, s.l. við mikinn fögnuð viðstaddra. Nokkrar áhyggjur höfðu menn af veðrinu en það var óþarfi. Aðeins byrjaði að blása í lokin en kom ekki að sök. Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, vígði altarið að viðstöddum um 130 manns.

Þetta er fjölmennasta samkoma við útialtarið, hingað til. Biskupi til aðstoðar voru fleiri kirkjunnar þjónar, m.a. sóknarprestur og prófastur, fulltrúar frá kaþólsku kirkjunni og rétttrúnaðarkirkjunni. Síst má gleyma þátttöku stjórnar Sfs sem með ötulli sjálfboðaliðsvinnu undanfarin ár, gerði það að verkum að þessi merkilegi viðburður átti sér þarna stund og stað. Í boði Sögufélagsins var kaffi, kleinur og annað góðgæti. Sögufélagið þakkar öllum fyrir komuna og þátttöku í þessum merka viðburði.

Þann 10. desember, sama dag og Lúther brenndi bannfæringarbréfið frá páfanum, héldum við Sögufélagið hátíðlegan Mannréttindadag Sameinuðu þjóðanna. Núna eru rúm 70 ár liðin frá því að Allsherjarþing Sp samþykkti mannréttindayfirlýsingu sína, 10. desember, 1948.

Eins og fyrri ár átti atburðurinn sér stað í keltneska útialtarinu að Esjubergi. Þemað, í ár, var „Réttlæti og friður kyssast“. Sr. Arna Grétarsdóttir stýrði athöfn í samráði við stjórn Sögufélagsins. Kirkjukórinn söng við

harmoníkuleik Þórðar Sigurðssonar organista. Viðstaddir köstuðu „óréttlætinu á eldinn“ í formi bréfmiða sem innihéldu óskir um það sem fara má betur í heiminum.

Um 20 manns og 12 hross frá Esjubergi voru við athöfnina. Það má taka fram að þetta er ekki í fyrsta sinn sem Esjubergshrossin mæta á viðburði Sögufélagsins í Esjuhlíðum. Vegna þessa þótti formanni SFS viðeigandi að minna, auk mannréttinda, á dýravernd og þeirra réttindi. Það var fallett vetrarveður, snjóföl yfir jörðu og stillt, um 3° frost. Boðið var upp á kaffi, kakó og konfekt að athöfn lokinni. Þetta var afar ánægjuleg stund í góðra manna hópi.

Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir